

## Áfangalýsing.

**Heiti áfanga:** NORS 103/2AA05

### **Staða áfanga:**

Áfangi NOR103/2AA05 er fyrsti áfangi í norsku á menntaskólastigi, en ekki byrjandaáfangi, samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla – Erlend tungumál.

Norska er notuð sem kennslumál í öllum áföngum.

**Undanfarar:** Norskunám í grunnskóla eða sambærilegt nám.

### **Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga. NORS 203/2BB05**

Sú undirstöðukunnátta sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað námið í norsku felst í að hann

- skilji vel allt almennt tal á norsku
- geti lesið og skilið almenna norska texta
- geti tjáð sig munnlega á norsku um flest almenn efni
- geti tjáð sig skriflega um flest almenn efni á nokkurn veginn réttu máli.

Þessi lágmarkskunnátta er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það norskunám sem í boði er fyrir þennan nemendahóp.

### **Stutt lýsing á efni áfangans:**

Í framhaldi af norskunámi í grunnskóla eru nemendur þjálfaðir áfram í færniþáttunum fjórum, tali, hlustun, lestri og ritun. Í áfanganum eru rifjuð upp helstu undirstöðuatriði málfræði og réttiritunar. Málfræðihugtök eru kynnt. Textar valdir við hæfi nemenda úr þessum efnisflokkum: kynningartextar um land og þjóð, textar um málefni líðandi stundar, bókmenntir, með rökvísa túlkun og úrvinnsla í tali og ritun. Unnið markvisst með orðaforða, þjálfun í að nota orðabækur, bæði hefðbundnar og á Netinu. Unnið með þema- og ferlisverkefni, tengd daglegu lífi eða dvöl nemenda á Norðurlöndum, með hjálp upplýsingatækni.

## **Nokkur lykilhugtök áfangans:**

### **Nemandi**

- geti notað norsku sem vinnumál innan kennslustofunnar
- geti tekið þátt í samræðum um almenn efni og tjáð sig með viðeigandi orðalagi.
- geti notað orðaforða sem unnið hefur verið með í efnisflokkum áfangans í nýju samhengi.
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og reynsluheimi, t.d. dvöl í Noregi á eðlilegum talhraða
- geti endursagt efni í t.d. blaða- og bókmenntatexta.

### **Námsmat:**

Mat í kjarnaáföngum NORS 103/3AA05 og NORS203/2BB05 byggst á vinnuframlagi nemenda á önninni, hlutaprófi og lokaprófi.

### **Målet med undervisningen i vgs i norsk er:**

#### **\*å forbedre elevens språklige kompetanse gjennom å**

**øke deres ordforråd gjennom diverse øvinger og lesing av ulike teksttyper**

**øve grammatiske strukturer**

**utvide deres evne til å uttrykke seg både muntlig og skriftlig**

#### **\*å gi elevene nærmere innsikt**

**i norsk litteratur og det norske språkets utvikling**

**i det norske samfunnet i dag og i landets historie**

**Gjennom norskstudiene vil man også streve etter å vedlikeholde og bygge ut elevens kunnskaper hun har skaffet seg i Norge og gjøre henne forberedt til i framtiden å klare seg i et nordisk samfunn.**